

Lagt fyrir fund velferðarráðs 13. ágúst 2026

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um greiningu á kostnaðarþróun skammtímadvala

Lagt er til að velferðarsvið greini kostnaðarþróun skammtímadvala og kanni hvort tækifæri séu til að haga rekstri þeirra með hagkvæmari hætti á komandi árum.

Greinagerð

Reykjavíkurborg rekur sex skammtímadvalir fyrir fötluð börn og ungmenni en heildarkostnaður þessara úrræða tvöfaldaðist frá árinu 2019. Kostnaðaraukningin skýrist því einkum af hækkun launakostnaðar og húsnæðisleigu auk þess sem fullorðnir einstaklingar sem bíða eftir varanlegri búsetu hafa þurft að nýta sér rými í skammtímadvölum. Nauðsynlegt er að kanna tækifæri til að bregðast við þessum áskorunum og gera áætlun fyrir næstu ár.